

SAMÞYKKT

**um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði
eystra nr. 24/1988 með breytingu nr. 491/1989 og 345/1990.**

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16., 17. tl. 2. gr. laga nr. 81/1981, skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 10 000
2. flokkur	kr. 20 000
3. flokkur	kr. 40 000
4. flokkur	kr. 60 000

2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarfélaganna á svæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um gjaldskrá fyrir hundahald í Ólafsfirði fyrir árið 1991.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Ólafsfirði á árinu 1991 skal vera kr. 5 300 fyrir hvern hund, sbr. 2. gr. stl. e. í samþykkt um hundahald í Ólafsfirði nr. 81/1988.

2. gr.

Handsömunargjald skv. stl. e. 2. gr. sbr. og 4. gr. samþykktar nr. 81/1988 skal vera kr. 5 300.

3. gr.

Hreinsunargjald fyrir hunda á lögbýlum skal vera kr. 2 600 fyrir fyrsta hund, en kr. 1 300 fyrir hunda umfram það.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Ólafsfjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.